

Alþingi
Erindi nr. P 123/128
komudagur 13.11.1998

Allsherjarnefnd Alþingis
B/t Áslaugar Ámadóttur, nefndarritara
Pórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 13. nóvember 1998.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum (114. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um framangreint frumvarp. Það gerir ráð fyrir að færa í íslensk hegningarlög almenn ákvæði um refsíabyrgð lögaðila. Refsíabyrgð verður þó aðeins tæk ef refsheimild er fyrir hendi í sérlögum.

Það er meginregla í refsirétti að heimild til refsingar verður að vera óyggjandi og sanna verður að refsipoli hafi gerst sekur um háttsemi sem fer í bága við lög. Það að láta ópersónulegan aðila sæta slíkri ábyrgð er í ákveðinni þversögn við þessa meginreglu. Öll ákvæði í þá veru hlýtur að bera að túlka þröngt.

Í þessu sambandi vekur Verslunarráð athygli á þeirri túlkun sem fram kemur í greinargerð á orðunum "einhver annar á hans vegum" í c-lið 1. gr. Í greinargerð segir að undir ákvæðið geti t.d. fallið lögmennt og endurskoðendur lögaðilans. Mikilvægt er að gera greinarmun á starfsmönnum lögaðila og aðilum sem lögaðili kaupir þjónustu hjá. Endurskoðandi er eðlilega ábyrgur fyrir brotum sem hann er fundinn sekur um lögum samkvæmt. Hins vegar getur vart talist eðlilegt að lögaðili verði látinn sæta refsíabyrgð fyrir brot endurskoðanda ef brotið er framið alfarið án vitneskju fyrirvarsmanna eða starfsmanna hans. Ekki hefur verið gert ráð fyrir svo víðtækri refsíabyrgð í sérlögum fram til þessa. Verslunarráð leggur því til að refsíabyrgð lögaðilans verði takmörkuð við brot fyrirvarsmanna eða starfsmanna hans.

Ákvæði b- og c-liðar 1. gr. gera ráð fyrir að stjórnvöld geti einnig sætt refsíabyrgð ef um er að ræða starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila. Verslunarráð styður þau ákvæði, enda eðlilegt að opinberir aðilar sitji við sama borð og einkaaðilar að þessu leyti.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands


Guðjón Rúnarsson

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is